



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Börn með óskilgreinda skólavist starfsárið 2023-2024

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 ber sveitarfélögum að sjá til þess að skólaskyld börn, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar. Skólaskyldan er að jafnaði tíu ár en getur verið skemmri. Öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6-15 ára, er skylt að sækja grunnskóla. Skipta má börnum með óskilgreinda skólavist í tvo hópa: Annars vegar þau sem hafa verið nemendur í skólum í Reykjavík eða annarsstaðar, samkvæmt þeim skráningarkerfum sem skóla- og frístundasvið hefur aðgang að og hins vegar þau sem engar upplýsingar um skólavist liggja fyrir, hvorki í Reykjavík né annarsstaðar. Seinni hópurinn hefur á síðustu árum venjulega skipað um og yfir 80% barna með óskilgreinda skólavist.

Skóla- og frístundasvið leitar upplýsinga hjá leik- og grunnskólum í Reykjavík og hjá grunnskólum á landinu í gegnum Mentor. Í þeim fáu tilvikum sem upplýsingar um símanúmer og netföng liggja fyrir er haft samband við foreldra. Áður fyrr var sendur bréfpóstur á lögheimili foreldra viðkomandi barna og yfirfarinn listi með nöfnum barna úr þessum hópi hjá nemendaverndarráðum skólanna. Þessu hefur verið hætt þar sem þetta skilaði ekki árangri. Þegar enn liggja ekki fyrir upplýsingar um skólavist barnanna er óskað upplýsinga frá Þjóðskrá um dvalarstað. Síðastliðinn vetur var slíkur listi sendur í nóvember og apríl.

Þegar að Þjóðskrá hafði yfirfarið listann var niðurstaðan sú að í maí 2024 voru 76 börn á grunnskólaaldri með lögheimili í Reykjavík, með óskilgreinda skólavist. Til samanburðar voru 97 börn með óskilgreinda skólavist í maí 2023. Þegar hópurinn er rýndur er langstærsti hluti hans börn af erlendum uppruna. Aukning flóttafólks og annars nýkomins fólks af erlendum uppruna í Reykjavík á nýliðnu skólaárum, er helsta ástæða þessa fjölda barna með óskilgreinda skólavist. Mikil hreyfing hefur verið á þessum hópi og töluvert um að börn hafi fyrst búið í Reykjavík en búi skömmu síðar annars staðar á landinu. Þá er mikið um það að börn hafi stoppað stutt við á landinu eða jafnvel aldrei verið á landinu þrátt fyrir skráningu. Þessi börn og fjölskyldur þeirra skráir Þjóðskrá með reglulegum hætti úr landi.

Varðandi þau börn sem Þjóðskrá hefur ekki heimild til að skrá úr landi eru venjulega mjög litlar upplýsingar að finna. Þó er stundum vitað að móðir er farin úr landi og ekki ósennilegt að viðkomandi barn sé farið líka. Áfram verður leitað leiða til að finna út úr hvar börn, sem í dag hafa óskilgreinda skólavist, stunda nám. Þau mál sem eftir standa verða tilkynnt til Barnaverndar Reykjavíkur.

Vinna við mótun miðlægs nemendagagnagrunns á Íslandi

Árið 2020 lagði skóla- og frístundaráð til við mennta- og menningarmálaráðuneytið að komið yrði á fót samræmdu verklagi til að tryggja að engin börn fari á mis við skólagöngu á Íslandi. Í kjölfarið setti mennta- og menningarmálaráðherra af stað starfshóp um skráningarkerfi grunnskólabarna. Starfshópurinn skilaði greinargerð til ráðherra árið 2021 þar sem hann lagði áherslu á mikilvægi þess að sett verði á fót miðlægt skráningarkerfi grunnskólabarna hér landi svo til verði heildstæðar upplýsingar um skólavist grunnskólabarna sem nýttast ríki og sveitarfélögum til að framfylgja lögum um grunnskóla. Í kjölfarið var hafist handa í ráðuneytinu við að leggja mat á forgreiningu og tillögur starfshópsins.

Í svari ráðuneytis, dags 7. maí 2024 vegna fyrirspurnar skóla- og frístundasviðs um stöðu verkefnisins segir: „Vinna við þróun miðlægs gagnagrunns stendur yfir hjá nýrri Miðstöð



menntunar og skólaþjónustu og er m.a. liður í vinnu við stafræna uppbyggingu á þjónustu stofnunarinnar fyrir skólasamfélagið“. Þess má geta að Reykjavíkurborg hefur boðið Miðstöð menntunar og skólaþjónustu að nýta þá forvinnu og leiðir sem borgin hefur þróað við gerð Bjargeyjar, nemendakerfis borgarinnar við þróun miðlæga nemendagrunnsins. Gott samstarf er á milli Reykjavíkurborgar og Miðstöðvarinnar vegna þessa.

Fundur með Barnavernd Reykjavíkur og mennta- og barnamálaráðuneytinu

Í maí 2024 boðaði skrifstofa skóla- og frístundasviðs til fundar með fulltrúum Barnaverndar Reykjavíkur og mennta- og barnamálaráðuneytisins til að fjalla um börn með óskilgreinda skólasvist og hvernig nýr miðlægur nemendagagnagrunnur mun halda utan um skólaskyld börn á landinu. Rætt var um heimildir aðila til að afla gagna samkvæmt lögum til að fá upplýsingar um þessi börn og fjölskyldur og um ábyrgðarsvið þeirra stofnana sem koma að málinu. Frekari fundir eru fyrirhugaðir til að greina stöðuna í þeim tilgangi að finna leiðir til úrlausnar í eftirfylgd skólagöngu allra barna með skólaskyldu á Íslandi.